Vortónleikar í Seljakirkju


Tónskóli Eddu Borg stendur fyrir vortónleikum í Seljakirkju á morgun kl. 13, 14.30 og 16. Þetta er áttunda starfsár Tónskólans. Efnisskrá tónleikanna verður fjölbreytt, fram koma m.a. forskólanemendur, sem leika á blokkflautur og syngja, lúðrasveit skólans og harmónikuhópur auk þess sem í boði verður strengjasamspil, einleikur og samleikur.



Málverka-sýning í Gimli

Elvar Guðmundsson opnar á morgun kl. 14 málverkasýningu í Gimli á Stokkseyri. Þetta er 30. einkasýning Elvars. Myndirnar eru málaðar með olíu á striga og masónít og olíupastel. Á sýningunni verða sjávarmyndir auk mynda úr Borgarfirði o.fl.

Sýningin er opin virka daga kl. 17–22 og frá kl. 14–22 um helgar. Henni lýkur þann 1. júní.



Verk eftir íslenska listamenn úr eigu Listasafns Reykjavíkur eru til sýnis á Kjarvalsstöðum. Hér má sjá verk eftir Jóhannes S. Kjarval.

Íslensk myndlist á Kjarvalsstöðum


Íslensk myndlist er heiti sýningar sem verður opnuð á Kjarvalsstöðum á morgun kl. 16. Þar gefur að líta verk eftir íslenska listamenn úr eigu Listasafns Reykjavíkur.

Á sýningunni eru sýnd verk sem spanna alla 20. öldina og sýna þróun íslenskrar myndlistar en markmiðið með sumarsýningum safnsins hefur verið að gefa sýningargestum tækifæri til að fá góða innsýn í íslenska listasögu.

Í vestursal verða sýnd landslagsmálverk eftir frumherja íslenskrar myndlistar. Má þar nefna verk eftir Þórarin B. Þorláksson, Ásgrím Jónsson og Jóhannes S. Kjarval. Þar eru einnig verk abstraktmálaranna sem fram komu um miðja öldina, ss. Svavars Guðnasonar, Þorvaldar Skúlasonar, Nínu Tryggvadóttur og Karls Kvaran.

Í miðrými verður til sýnis málverkið Sience Fiction eftir Erró ásamt verkum þeirra listamanna sem kenndir hafa verið við SÚM-hópinn en hann var hvað mest áberandi í íslensku listalífi á sjöunda áratug aldarinnar.

Í austursal eru aftur á móti sýnd verk eftir yngstu kynslóðina í íslenskri myndlits. Þar gefur að líta verk eftir fjölmarga listamenn sem sýna vel fjölbreytileikann og gróskuna í myndlistarlífi nútímans.



Leikritið Svanurinn eftir Elizabeth Egloff hefur verið sýnt yfir fjörutíu sinnum í vetur en það var frumsýnt í október. Í kvöld verður allra síðasta sýning á þessu frábæra verki og hefst hún kl. 23. Með hlutverk svansins fer Ingvar E. Sigurðsson en auk hans leika Björn Ingi Hilmarsson og María Ellingsen.



Radíusbræður skemmta

Radíusbræður skemmta Hafnfirðingum og nágrönnum á Café Royale í kvöld og hefst skemmtunin kl. 21.30. Rúnar Þór tekur svo við af þeim bræðrum og skemmtir gestum fram á nótt.

Kirkjulistahátíð


Á sunnudaginn hefst árleg Kirkjulistahátíð í Hallgrímskirkju með hátíðarmessu þar sem nýtt færanlegt stjórnborð við orgelið verður tekið í notkun. Þá mun Mótettukór kirkjunnar frumflytja verk eftir Hróðmar Inga Sigurbjörnsson og sunginn verður í fyrsta sinn sálmur eftir Sigurbjörn Einarsson við lag Jóns Ásgeirssonar. Enn eitt tónverk var samið sérstaklega fyrir hátíðina, konsert fyrir orgel og hljómsveit eftir Hjálmar H. Ragnarsson sem verður frumfluttur í kirkjunni 29. maí af Sinfóníuhljómsveit Íslands og Herði Áskelssyni.

Mikil áhersla verður að þessu sinni lögð á myndlist. Níu listamenn voru fengnir til að gera tillögur að myndverkum í níu nýjar kirkjur og fengu alveg frjálsar hendur. Líkön af myndverkunum hafa verið skönnuð inn á myndir úr kirkjunum þannig að sjá má nákvæmlega hvernig þau tækju sig út ef þau yrðu sett upp. Sýning á þessum myndum verður opnuð á hvítasunnudag eftir messu, kl. 12.15, og munu arkitektar kirknanna taka þátt í henni og skýra hugmyndirnar að baki kirkjubyggingunum. Í tengslum við sýninguna verður haldið málþing 24. maí og fyrirlestur 31. maí sem nánar verða kynnt síðar.

Alls verða sjö tónleikar á hátíðinni, þeir fyrstu á hvítasunnudag kl. 17. Þar mun Halvor Håkanes kveða norska miðaldakvæðið Draumkvæði við samspil fiðlu og orgels. Kåre Nordstoga, dómorganisti frá Ósló, leikur á orgelið og Per S. Björkum á fiðlu.

Á annan í hvítasunnu heldur Mótettukórinn upp á 15 ára afmæli sitt með veglegum tónleikum þar sem flutt verða fimm samtímatónverk frá jafnmörgum löndum, meðal þeirra nýja verkið eftir Hróðmar Inga sem frumflutt var við messu daginn áður. Stærsta verk tónleikanna er Messe solenelle eftir franska tónskáldið Jean Langlais. Með kórnum leika orgelleikararnir Hannfried Lucke og Douglas Brotschie.

Meðal seinni viðburða má nefna tónleika franska orgelsnillingsins Jean Guillou 24. maí og tónleika Voces Spontane og Manuelu Wiesler 30. maí en þeir og aðrir viðburðir verða kynntir nánar þegar nær þeim dregur. -SA



Tillaga Sigurðar Örlygssonar að altaristöflu í Hjallakirkju er á myndlistarsýningu í Hallgrímskirkju sem verður opnuð á hvítasunnudag.

MESSUR

Árbæjarkirkja: Hvítasunnudagur: Guðsþjónusta kl. 11. Prestarnir.

Áskirkja: Hvítasunnudagur: Hátíðarguðsþjónusta kl. 14. Árni Bergur Sigurbjörnsson.

Breiðholtskirkja: Hvítasunnudagur: Hátíðarmessa með altarisgöngu kl. 11. Annar hvítasunnudagur: Samkoma ungs fólks með hlutverk kl. 20.

Bústaðakirkja: Hvítasunnudagur: Hátíðarguðsþjónusta kl. 11 árdegis. Prestur sr. Guðný Hallgrímsdóttir.

Bolungarvíkurprestakall: Hátíðar- og fermingarguðsþjónusta í Hólskirkju hvítasunnudag kl. 14. Sr. Gunnar Björnsson.

Digraneskirkja: Kirkjuheimsókn Digranessafnaðar í Hjallasókn. Gengið verður frá Digraneskirkju kl. 10.30. Hátíðarguðsþjónusta í Hjallakirkju kl. 11. Veitingar að guðsþjónustu lokinni.

Dómkirkjan: Hvítasunnudagur: Messa kl. 11. Altarisganga. Sr. Hjalti Guðmundsson prédikar. Sr. Jakob Á. Hjálmarsson þjónar fyrir altari. Annar í hvítasunnu: Guðsþjónusta kl. 11. Prestur sr. Jakob Á. Hjálmarsson.

Elliheimilið Grund: Hvítasunnudagur: Guðsþjónusta kl. 10.15. Guðmundur Óskar Ólafsson.

Eyrarbakkakirkja: Messa kl. 11 hvítasunnudag. 100 ára afmæli sveitarfélagsins. Sóknarprestur.

Fella- og Hólakirkja: Hvítasunnudagur: Hátíðarguðsþjónusta kl. 11. Prestur sr. Guðmundur Karl Ágústsson. Prestarnir.

Fríkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík: Messa kl. 14 hvítasunnudag. Fermdar verða Aldís Björg Ívarsdóttir Schram, Vesturgötu 71, og Hlíf Una Bárudóttir, Yrsufelli 15. Sr. Bryndís Malla Elídóttir þjónar í forföllum safnaðarprests.

Gaulverjabæjarkirkja: Messa kl. 14 hvítasunnudag. Ferming. Sóknarprestur.

Grafarvogskirkja: Hvítasunnudagur: Hátíðarguðsþjónusta kl. 11. Helgistund á Hjúkrunarheimilinu Eir kl. 13.30. Prestarnir.

Grensáskirkja: Hvítasunnudagur: Hátíðarmessa kl. 11. Prestur sr. Halldór S. Gröndal.

Grindavíkurkirkja: Hvítasunnudagur: Hátíðarguðsþjónusta kl. 11. Helgistund í Víðihlíð kl. 12.30. Sóknarnefndin.

Hallgrímskirkja: Hvítasunnudagur: Setning Kirkjulistahátíðar. Hátíðarmessa kl. 11. Sr. Karl Sigurbjörnsson prédikar og þjónar fyrir altari ásamt sr. Sigurði Pálssyni. Opnun myndlistarsýningar kl. 12.15. Tónleikar kl. 17. Annar í hvítasunnu: Messa kl. 11. Sr. Sigurður Pálsson. Tónleikar kl. 17.

Hafnarfjarðarkirkja: Hátíðarguðsþjónusta kl. 14. Kirkjukaffi eftir guðsþjónustuna í Strandbergi. Guðsþjónusta í Sólvangi kl. 16. Prestur sr. Gunnþór Ingason. Prestarnir.

Háteigskirkja: Hvítasunnudagur: Messa kl. 11. Sr. Tómas Sveinsson. Annar í hvítasunnu: Messa kl. 11. Sr. Tómas Sveinsson.

Hjallakirkja: Hvítasunnudagur: Hátíðarguðsþjónusta kl. 11. Digranessöfnuður kemur í heimsókn. Sr. Gunnar Sigurjónsson prédikar. Veitingar að guðsþjónustu lokinni. Prestarnir.

Holtsprestakall í Önundarfirði: Hátíðar- og fermingarguðsþjónusta í Flateyrarkirkju hvítasunnudag kl. 11. Hátíðarmessa í Holtskirkju í Önundarfirði annan hvítasunnudag kl. 14. Sr. Gunnar Björnsson.

Hraungerðiskirkja í Flóa: Hátíðarmessa annan hvítasunnudag kl. 13.30. Kristinn Á. Friðfinnsson.

Hveragerðisprestakall: Hvítasunnudagur: Fermingarmessa í Hveragerðiskirkju kl. 10.30. Fermingarmessa í Kotstrandakirkju kl. 13.30. Annar í hvítasunnu: Þýsk-íslensk messa kl. 11. Sr. Jón Ragnarsson sóknarprestur.

Keflavíkurkirkja: Hvítasunnudagur: Hátíðarguðsþjónusta kl. 11. Prestur sr. Sigfús Baldvin Ingvason.

Kópavogskirkja: Hvítasunnudagur: Hátíðarguðsþjónusta kl. 11. Ægir Fr. Sigurgeirsson.

Landspítalinn: Hvítasunnudagur: Messa kl. 10. Sr. Jón Bjarman.

Langholtskirkja, Kirkja Guðbrands biskups: Hvítasunnudagur: Messa kl. 11. Prestur sr. Gylfi Jónsson.

Laugarneskirkja: Hvítasunnudagur: Hátíðarmessa kl. 11. Ferming. Ólafur Jóhannsson.

Lágafellskirkja: Hátíðarguðsþjónusta hvítasunnudag kl. 11. Jón Þorsteinsson.

Neskirkja: Hvítasunnudagur: Guðsþjónusta kl. 11. Sr. Frank M. Halldórsson. Annar í hvítasunnu: Guðsþjónusta kl. 11. Sr. Halldór Reynisson.

Innri-Njarðvíkurkirkja: Hvítasunnudagur: Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.30. Baldur Rafn Sigurðsson.

Ytri-Njarðvíkurkirkja: Hvítasunnudagur: Hátíðarguðsþjónusta kl. 11. Baldur Rafn Sigurðsson.

Óháði söfnuðurinn: Hvítasunnudagur: Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.

Ólafsfjarðarprestakall: Hvítasunnudagur: Messa kl. 10.30. Ferming. Messa kl. 13.30. Ferming. Annar í hvítasunnu: Messa á dvalarheimilinu Hornbrekku kl. 13. Sr. Sigríður Guðmarsdóttir.

Seljakirkja: Hvítasunnudagur: Guðsþjónusta kl. 14. Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar. Sóknarprestur.

Seltjarnarneskirkja: Hvítasunnudagur: Hátíðarguðsþjónusta kl. 11. Prestur sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir.

Viðeyjarkirkja: Messa kl. 14 annan dag hvítasunnu. Prestur sr. Jakob Á. Hjálmarsson. Bátsferð úr Sundahöfn kl. 13.30.